

# FÖSTUDAGS

20.-24. FEBRÚAR  
**MOLINN**

WWW.GRUNNSKOLI.HUNATHING.IS

## BOLLUDAGUR

Flengingar og bolluát berst líklega til Íslands fyrir dönsk eða norsk áhrif á síðari hluta 19. aldar, líklega að frumkvæði þarlandra bakara sem settust hér að. Heitið Bolludagur er ekki þekkt fyrr en eftir aldamót og mun orðið til héraendis. Heitið bolludagur sést fyrst á prenti 1910 en annars var dagurinn oft kallaður flengingardagur.

## SPRENGIDAGUR

Elsta heimild um hið íslenska heiti dagsins tengist matarveislu fyrir föstuna. Er það í íslensk-latnesku orðasafni Jóns Ólafssonar Grunnvíkings frá því kringum 1735. Þar segir hann Sprengikvöld þýða orðrétt kvöld sprengingar, það er kvöld mikliflegrar átveislu með allskonar meðlæti en nefnir einnig að þetta sé sveitamál.

## ÖSKUDAGUR

Nafnið öskudagur kemur fyrir í íslenskum handritum frá 14. öld og leiða má líkum að því að það sé enn eldra. Sú hefð tengd öskudeginum sem ekki finnst annars staðar en á Íslandi er að hengja öskupoka á fólk. Líklega má rekja upphaf þess til kaþólskunnar og krafts öskunnar sem gjarnan var mögnuð með heilögu vatni. Sóttu menn í að taka ösku með sér heim úr kirkjum til að blessa heimilið.



## VIKUR TILEINKAÐAR KYNFRÆÐSLU

Þessar vikurnar hafa allir kennarar tekið sig saman og ætla að gefa kynfræðslu aukið pláss í kennslu. Allir þekkir munu fara í gegnum ákveðið efni og svo ætlum við að benda foreldrum á góðar vefsíður sem geta stutt við foreldra þegar þeir taka spjallið heima.

Unglingastigið er byrjað að vinna með efni frá SJÚKÁST.

SJÚKÁST er verkefni á vegum Stígamóta um ofbeldi í nánum samböndum ungmenna. Verkefninu er ætlað að vera forvörn gegn ofbeldi með því að fræða ungt fólk um mörk og samþykki.

Þið finnið margt fræðandi inni á heimasíðunni þeirra: [www.sjukast.is](http://www.sjukast.is)

4. bekkur var að búa til skemmtilegar risaæðlur í textíl.



## FRAMUNDAN

Mánudagur 20. febrúar - Bolludagur

Matseðill: Fiskibollur, kartöflur, karrýgrjón, salat og grænmeti.

- 10. bekk boðið í FNV.

Þriðjudagur 21. febrúar -

Sprengidagur

Matseðill: Saltkjöt og baunir, rófur og kartöflur.

- Tæknibrú frá FNV fyrir unglíngastig.

Miðvikudagur 22. febrúar - Öskudagur

Matseðill: Plokkfiskur, rúgbrauð, salat og grænmeti.

- Morgunsöngur kl 8:20
- Öskudagsgleði í íþróttahúsi kl 13:00

Fimmtudagur 23. febrúar


Matseðill: Pizza og franskar, grænmeti.

- 10. bekk boðið í MB.
- Dans
- Heimanám kl 14:30 í stofu 5. bekkjar.


Föstudagur 24. febrúar

Matseðill: Grænmetisbuff, bátakartöflur, salat og grænmeti, kaldar sósur.

- Dans



Miðaverð - 3.500 kr  
3.000 kr fyrir grunnskóla- og  
framhaldsskólanemendur  
Símapantanir - 8336554



Sýnt í Bifröst

# SATURDAY NIGHT FEVER

## NFNV

### Framsýning

Sunnudagurinn 19. febrúar  
Sýning - 20:00

Mánudagurinn 20. febrúar  
Sýning - 20:00

Þriðjudagurinn 21. febrúar  
Sýning - 20:00

Miðvikudagurinn 22. febrúar  
Sýning - 16:00

Miðvikudagurinn 22. febrúar  
Sýning - 20:00

Fimmtudagurinn 23. febrúar  
Sýning - 20:00

Föstudagurinn 24. febrúar  
Sýning - 20:00

Föstudagurinn 24. febrúar  
Sýning - 23:00

**Danshöfundur**  
Ivar Helgason

### Söngtextar

Gunnar Ragnvaldsson  
Iris Olga Láðvíksdóttir



### Þýðandi handrits

Guðjón Ólafsson


### Leikstjórn

Sigurlang Vordis Eysteinsdóttir  
Eysteinn Ivar Guðbrandsson

Við hvetjum alla til þess að gera sér ferð í Skagafjörðinn og kíkja á þessa sýningu hjá Fjölbrautarskólanum. Það er stór hópur fyrrum nemenda okkar sem er að taka þátt í uppsetningunni.



2. bekkur er að vinna skemmtilegt verkefni þar sem þau hanna bíla og perla þá svo.



Núna hefur grunn- og tónlistarskólinn hafið innleiðingu að Heilsueflandi grunnskóla. Heilsueflandi grunnskóla er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í starfi sínu. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag. Skólar koma sér upp heildrænni og vel skipulagðri heilsustefnu þar sem horft er á allt skólasamfélagið í heild.

Stýrihópur er byrjaður að hittast og fara yfir hvað er verið að gera vel og hvað má bæta.



**Vatn er besti svaladrykkurinn!**

Það er óhætt að drekka vel af því. Við búum við þau forréttindi hér á landi að geta drukkið vatn beint úr krananum og bragðgæðin eru mikil. Í vatni er enginn viðbættur sykur, engin sætuefni, engin sítrónusýra (E330), engin rotvarnarefni og engin bragðefni. Bara 100% hollusta, mjög umhverfisvænt og ókeypis!

Nema á Hvammstanga.... En það lagast vonandi fljótt!

Við skulum ekki láta samfélagsmiðla gabba okkur

